

Aðalfundur Vina Þjósárvera 2018 . Fundargerð

Fundurinn var haldinn sunnudaginn 9. september að Reynihvammi 25 í Kópavogi og hófst kl. 20:00

Fundinn sóttu 9 félagar.

Sigprúður Jónsdóttir formaður félagsins setti fundinn. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Sigprúður lagði til að Árni Bragason væri fundarstjóri og Tryggvi Felixson fundarritari. Var það samþykkt.

Skýsla stjórnar

Sigprúður flutti skýrslu stjórnar. Félagar eru um 90 og starfsemi félagsins í föstum skorðum. Stjórnin hefur ekki haldið reglulega fundi en borið saman bækur með tölvusamskiptum þar sem stjórnarmenn bjuggu í þremur löndum.

Stækkun Friðlandsins í Þjósárverum 2017, sem Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra stóð að, er mikið framfaraspör. Haldið var upp á stækkun Friðlandsins í Þjósárverum með hátíð í Árnosi í nóvember 2017. Um 50 tók þátt í hátíðinni. Gerð voru glös með merki félagsins í tilefni dagsins.

Stjórnin gerði fjölmargar athugasemdir við nýja friðlýsingarskilmála sem tóku gildi á síðasta ári við stækkun Friðlandsins. Því miður náðu þær ekki fram að ganga. Þeim verður þó fylgt eftir í framtíðinni. M.a. eru friðlandsmörkin enn ekki með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í Rammaáætlun 2 og þingsályktun, þ.e. þau ná ekki niður að Sultartangalóni að vestan. Þessu þarf að fylgja eftir í samræðum við Umhverfisstofnun og Auðlinda- og umhverfisráðuneytið í framtíðinni.

Sumarið 2017 var unnið að því að lagfæra stikur sem merkja gönguleiðina að fossunum í Þjósá á Gnúpverjafrétti. Ætlun var að ljúka því verki í sumar með því að setja upp kort við upphaf göngu. Kortin eru tilbúin en eftir er að byggja undirstöður. Vonandi tekst að ljúka þessu verki næsta sumar.

Farið var í fjögurra dag gönguferð um Þjósárver í júlí og var ferðin fullskipuð (14 þátttakendur). Ferðin var auglýst á vefsíðu félagsins.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki sett upp merki við ökuleiðir að friðlandinu eins og lofað hefur verið. Ný landvörður fyrir svæðið er Jón Smári. Formaður sá um að koma upplýsingum í nýja skálann í Tjarnarveri, en þeim gamla var eytt með brennu nýlega.

Umhverfisstofnun reisti kamar undir Arnarfelli. Staðsetning hans er bagaleg og þyrfti að flytja kamarinn nær tjaldstæðinu. En útsýnið frá kamrinum hefur verið dásamað. Ferðhópur frá FÍ sá um að gera kamarinn tilbúinn fyrir sumarið, en frágangi við kamarinn hafði verið ábátavant.

Ársreikningur

Gjaldkeri lagði fram ársreikning félagsins. Félagskjörinn skoðunarmaður, Björgólfur Thorsteinsson, hefur farið yfir reikningana og staðfest. Sjá ársreikning í viðhengi.

Árgjald

Samþykkt var að halda árgjaldi óbreyttu, 500 kr., en leita til félaga ef eitthvað kemur upp sem krefst frekari fjárútláta en eignir ná til.

Lagbreytingar

Stjórn lagði fram tillögu að breytingum á 4. grein, lið a. í lögum félagsins er fjallar um aðalfund og hljóðar svo:

„Aðalfund Vina Þjósárvera skal halda fyrir 1. ágúst ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tölvupósti. Allir skuldlausir félagar samtakanna hafa kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi“.

Breytist í:

„Aðalfund Vina Þjósárvera skal halda fyrir 1. október ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tölvupósti. Allir skuldlausir félagar samtakanna hafa kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi“

Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Skoðunarmaður reikninga

Björgólfur Thorsteinsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga.

Stjórnarkjör

Í stjórn voru endurkjörin, Guðbjörg Gylfadóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, ritari, Jóhanna Höeg Sigurðardóttir, Sigprúður Jónsdóttir, formaður, og Tryggvi Felixson, gjaldkeri.

Önnur mál

- Rætt var um merkingar og leiðbeiningar í friðlandinu og talið nauðsynlegt að stjórnin ætti fund með Umhverfisstofnun um málið. Mikilvægt að loka veginum frá skálanum í Tjarnarveri að Bólstað og yfir vaðið við Sóleyjarhöfða.
- Rætt var um skálann í Nautöldu. Hann kom sér vel s.l. sumar þegar veður voru váleg, en þarfnast viðhalds. Spakur maður í feðrahópi FÍ s.l. sumar taldi að í skálanum væri aspest. Samþykkt að ræða málið við Umhverfisstofnun og hvernig væri best að haga húsnæðismálum í Nautöldu til framtíðar. Bent var á rétt væri að skoða hvort skálinn væri ekki á skrá yfir hús á hálendinu sem Skipulagsstofnun hefur látið gera. Jóhanna frá Hæli ætlar að skoða hugsanlega útfærslu á nýju skýli við Nautöldu sem kæmi í stað núverandi skála.
- Fundurinn bað stjórnina að skoða vefinn um Miðhálandisþjóðgarð og athuga hvort ekki væri ástæða til að leggja fram athugasemdir í nafni félagsins.
- Formaður upplýsti um úthlutun viðurkenninga fyrir ferðir í Þjósárver sem félagið hefur látið gera. Viðurkenningin var afhent fundarmönnum sem áttu þær inni. Nokkur hópur félagsmanna á enn viðurkenningar í höndum formanns og verður þeim komið til skila þegar færi gefst eða með pósti.

Fundi var slitið kl. 21:15

Viðauki með ársreikningi:

Rekstrarreikningur 1)	2017-18	2016-17
Rekstrartekjur:		
Árgjöld	12.000	22.000
Almennir styrkir	0	0
Verkefnatengdir styrkir	0	0
Aðrar tekjur	161.800	0
Tekjur alls	173.800	22.000
Rekstrargjöld:		
Árgjald til Landverndar	-5.000	-5.000
Fjármagnstekjuskattur	-	-1.225
Verkefni - hátíð 2)	-165.617	-24.939
Gjöld alls	-170.617	-31.164
<i>Tekjur (halli) fyrir fjármuna og fjármagnsliði</i>	<i>3.183</i>	<i>-9.164</i>
Fjármunatekjur og -gjöld:		
Fjármunatekjur	2.010	6.126
Fjármunagjöld	-644	
Fjármunajöfnuður	1.366	6.126
Tekjur (halli) ársins	4.549	-3.038
Efnahagsreikningur pr. 30.04.2017		
Fastafjármunir	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Langtíma kröfur	0	0
Veltufjármunir		
Handbært fé	490.010	454.641
Eignir alls	490.010	454.641
Skuldir og eigið fé		
Skuldir	-30.820	-
Eigið fé	459.190	454.641

1) Rekstrarárið er 1.5.2017 til 30.4.2018

2) Verkefnið 2017 var hátíð í Árnosi. Kostnaður vegna merkinga fyrir gönguleiðina að fossunum í Efri-Þjórsá er einnig undir þessum lið.